

Nefndar- og greiningarsvið Alþingis  
b.t. Velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Búðardal 30.11.2023

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra, 402. mál.

Vísað er til umsagnarbeðnar nr. 12273 frá velferðarnefnd Alþingis sem send var út þann 28.11.2023 vegna tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra, 402. mál á þingskjali 416.

Dalabyggð tekur undir rök þingsályktunartillögunnar þar sem farið er yfir kosti þess og ávinning að börn fái holla og góða næringu. Með framlagðri tillögu er mennta- og barnamálaráðherra gert að vinna heildstæða stefnu um daglegar, gjaldfrjálsar, næringaríkar skólamáltíðir og umgjörð þeirra.

Það er ekki hægt að vera á móti máli sem þessu, enda börnin okkar mesti fjársjóður og framtíð. Vissulega vakna þó spurningar hjá sveitarfélögum, þar sem rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað þeirra skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Í 23. gr. laganna er farið yfir skólamálsverði, að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma og að sveitarfélögum sé heimilt að taka gjald fyrir þær máltíðir samkvæmt gjaldskrá sem þau setja. Ef markmiðið á að vera að fá góðan, næringaríkan og ódýran mat er ekki hægt að ganga út frá því að sveitarfélögin ein og sér standi að baki því að innleiða gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Slíkt má vera flutningsmönnum tillögunnar og ráðherra ljóst, þar sem ef svigrúm væri til þess, væru eflaust öll sveitarfélög landsins að bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum sínum en ekki aðeins tvö þeirra.

Verði tillagan samþykkt áréttar Dalabyggð nauðsyn þess að kostnaður við framkvæmd þessa markmiðs verði greindur og með stefnunni komi fram tillögur um hvernig sé greitt fyrir þá framkvæmd.

  
Björn Bjarki Þorsteinsson

sveitarstjóri